



Skýrsla sveitarstjóra. Febrúar- mars 2019. Helstu viðfangsefni

**Framkvæmdir** Endurnýjun glugga í suðurhlíð Þjórsárskóla er framundan. Þeir eru ónýtir. Einnig er í undirbýningi að endurnýja glugga í suðausturhlíð leikskólans. Þar hefur verið viðvarandi lekavandamál.

Snjóbræðslulagnir við félagsheimilið Árnes eru komnar í gagnið. Við höfum fengið Sigurð Unnar í Skarði til að leggja okkur ráð varðandi endurskipulagningu húsnæðis í Félagsheimilinu í Brautarholti/leiskólanum. Þar á meðal er hugmynd um að bæta við milliloft. Endurnýjun framhliðar á millisal í húsinu er mauðsynleg og þarf að leggjast í hönnun varðandi það. Gamla eldhúsið veður aflagt og eru þar tækifæri í að nýta pláss betur. Ef til vill kæmi til greina að mati okkar Skafta að færa bóksafnið þangað. Við Skafti höfum horft til þess að til greina komi að endurhugsa hlutverk hússins sem nú hýsir bókasafnið. Verkefni við gatnagerð í Bugðugerði er framundan að meðtöldum lagnaframkvæmdum í þeirri götu. Það er hluti af stóra gatnagerðarverkefninu. Ef tíð leyfir munu Neseyjarmenn fara í það verkefni innan skamms. RARIK er þessa dagana að færa inntak í Nónstein, en það hefur verið í Bugðugerði 1. Á næstunni verða gerðar kjarnaboranir í Skeiðalaug og ætti með því að verða skorið úr hvort þar eru til staðar alkalískemmdir eða ekki. Borholan í Þjórsárholti er í þann veginn að komast í gagnið, byggt hefur verið dæluhús og dæla verður tengd við fljótlega.

**Starfsmannamál.** Auglýst var fyrir skömmu eftir einstaklingi í starf forstöðumanns þjónustustöðvar. Samtals sóttu fjórir um starfið. Einn dró umsókn sína til baka. Verið er að skoða hinar umsóknirnar. Niðurstaða liggur væntanlega fyrir síðar í mánuðinum.

**Fjármál.** Að undanfögnu höfum við þuríður ásamt endurskoðendum sveitarfélagsins unnið að gerð ársreikngs sveitarfélagsins og B hluta stofnana fyrir síðasta ár. Vinnunni miðar vel. Ársreikningar Hitaveitu Brautarholts og Fjarskiptafélagsins eru tilbúnir. Eins og síðustu ár er nokkuð bókhaldslegt tap á rekstri Fjarskiptafélagsins en ebita verður jákvæð. Afkoma hitaveitunnar er réttu megin við núllið. Ég vona að ársreikningur sveitarfélagsins liggji fyrir áður en mars er liðin. Sennilega bjartsýni að hann verði tilbúin til fyrri umræðu á sveitarstjórnarfundum 20. mars. Fjárhagsstaða sveitarfélagsins er samkvæmt áætlun þessa dagana. Nú eru hörðustu mánuðirnir liðnir. Það er að segja mánuðir þar sem ekki koma inn fasteignagjöld. Des, jan, feb. Það lítur út fyrir þokkalega fjárhagsafkomu á árinu.

## Persónuverndarlöggjöf

Við erum enn að aðlaga okkur persónuverndarlöggjöfinni. Það snýr mest að skólunum. Ég held að við séum að meðtaka aðalatriðin ágætlega í því.

**Skipulagmálin** eru fyrirferðarmikil. Nú er breytingin í Áshildarmýri, Sandholti og Kálhóli loks gengin í gegn sem miðaði að því að heimila þar lögheimilisfesti. Við reiknum með strax í framhaldi 6-8 íbúum í Áshildarmýri. Sennilega fleirum síðar. Breyting í Brautarholti þar sem breyting lóða á sér stað er að ganga í gegn og einnig í Árnehverfi.

## Íbúar

Fjöldi íbúa 1. Mars var 625. Þó nokkrir Búrfellsíbúar eru enn eftir í íbúatölunni.

Kristófer Tómasson sveitarstjóri